

FRÉTTABRÉF VEIÐIFÉLAGS JÖKLU

Pistill formanns

Síðasta árið hefur verið sögulegt fyrir veiðifélagið eins og heimsbyggðina alla. Covid 19 hleypti veiðileyfasölu í upp-nám en kófið gekk niður um sumarið hérlandis og innlent veiðifólk mætti á svæðið og veiddi svo vel að fleiri laxar veiddust í Jöklu en nokkru sinni fyrr. Félagið stóð fyrir fjölskyldu- og rusla-hreinsunardegum 28. júní með grilli í Hálsakoti. Í ár verður tiltekt nk. laugardag 26. júní, enda mikilvægt að hafa umhverfi árinna snyrtilegt og huga að merkingum, veiðislóðum og -stígum



Snævarr Örn Georgsson með lax í Hólaflúð 2. júlí '20. Mynd: SBG.

fyrir opnun sem er 27. júní í ár. Félagið nýtur krafta vinnuflokks Landsvirkjunar hvert ár en það er mikilvægt að við landeigendur hugum að aðgengi og umhverfi í okkar landi. Ekki tókst að halda framhaldsnámskeiði í flugukasti vegna faraldursins í fyrra en stefnt er á slíkt í ár ef þátttaka fæst.

Helstu tíðindi síðasta árs voru veiðin sjálf. Hún fór rólega af stað en eftir 20. júlí komst góður gangur í hana. Yfirfallið skall á 22. ágúst en dagana fyrir það veiddust 30-40 fiskar á dag allt upp að Tregluhyl á Efra-Dal. Með yfirfallinu hurfu veiðimenn þó að áfram væri veitt í ánum í Hlíðinni en Jökla varð svo aftur veiðanleg síðustu dagana í september. Veiðitölur ársins 2020 eru frábærar og þetta varð besta veiðiár í sögu Jöklu, sannkallað Veiðisumarið mikla, þó að þverárarnar væru undir væntingum. Heildarlaxveiði í Jöklu að meðtöldum Laxá og Kaldá voru 870 laxar.

Á aðalfundi 2020 var samþykkt að fresta innheimtu leigu og arðgreiðslum þar til lægi fyrir hvernig veiðileyfasalan yrði. Í ljósi góðrar veiði lagði stjórn til að leigutekjur yrðu innheimtar að fullu skv. samningi og var það samþykkt á aðalfundi 24. apríl sl. Einnig var samþykkt að arðgreiðslur vegna 2020 og 2021 yrðu greiddar út í einu lagi fyrir árslok og næmu 60% af leigutekjum. Rétt er að minna á að enn vantar fullnægjandi gögn og greiðsluupplýsingar vegna nokkurra jarða. Arðurinn bíður á safnreikningi og mikilvægt að menn ráði bót á þessu hið fyrsta.

Leigutaki kom að máli við stjórn í byrjun þessa árs og ræddi hugmyndir um stækkun í Hálsakoti með það að markmiði að steypa Jöklu I og II saman í eitt 8-12 stanga veiðisvæði frá og með 2022. Veiðireynsla og rannsóknir sýna að ræktunarstarfið er að skila sér og áhugi fyrir ánni vex ár frá ári sem styður þessa þróun. Stjórn tók vel í þessar hugmyndir og lagði fyrir aðalfund að samþykkja viðauka við gildandi samning. Viðaukinn lengir samningstímann við Veiðipjónustuna Strengi til 2031 en tvöfaldar jafnframt grunngjald leigunnar árið 2022 sem leiðir til umtalsverðar hækkunar næstu árin þar sem samningsbundnar árlegar hækkunir upp á 10-15% halda sér. Viðaukinn var samþykktur samhljóða á aðalfundi og hefur leigutaki unnið að endurbótum í Hálsakoti í vor.

Þau fjórtán ár sem liðin eru frá virkjun árinna hefur tekist að byggja upp veiðistofn og setja reglur um skiptingu tekna af leigu. Samningurinn við Strengi gildir nú til 2031 en leigugjaldið verður endurskoðað 2026. Leigutekjur og þar með arðgreiðslur fara hækkandi og eru vísbending um að uppbygging og nýting Jöklu geti til framtíðar rennt stóðum undir byggð á bökkum hennar.

Megi Veiðifélag Jökulsár á Dal dafna og arðsemi árinna vaxa um ókomna tíð.

Þorvaldur P. Hjarðar, formaður stjórnar

Frá aðalfundi veiðifélagsins 2021

Aðalfundur Veiðifélags Jökulsár á Dal fyrir árið 2021 var haldinn á Skjöldólfsstöðum 24. apríl og gafst veiðiréttarhöfum einnig kostur á að sitja hann sem fjarfund. Auk hefðbundinna aðalfundarstarfa var tekinn fyrir á fundinum viðauki við gildandi leigusamning við Strengi sem felur í sér að gildistími samnings lengist um fimm ár og nær til árslok 2031 í stað 2026. Var hann samþykktur samhljóða.

Aðalfundinn sóttu um tuttugu manns að gestum meðtöldum. Fundarmenn fóru með atkvæðisrétt 23 veiðiréttarhafa af 74 og þar af voru skrifleg umboð 14.

Helstu niðurstöðutölur ársreiknings 2020:

Tekjur	3.393.358 kr.
Gjöld	375.837 kr.
<u>Fjármagnsliðir</u>	<u>-8.321 kr.</u>
Rekstrarafgangur	3.009.200 kr.
Eigið fé í árslok	6.149.605 kr.

Á aðalfundi 2020 var ákvörðun um leigu- og arðgreiðslur ársins frestað til næsta aðalfundar vegna óvissu út af COVID-19. Samþykkt var á aðalfundinum að fullar leigugreiðslur yrðu innheimtar fyrir árið 2020 og að arðgreiðslur fyrir 2020 og 2021 yrðu 60% af leigutekjum og greiddar í einu lagi fyrir árslok.

Kosið var um tvö sæti aðalmanna í stjórn. Halla Eiríksdóttir og Lárus Brynjar Dvalinsson gáfu kost á sér til endurkjörs og önnur framboð voru engin. Varamenn til eins árs voru endurkosnir: Agnar Benediktsson (1.), Þorsteinn P. Gústafsson (2.) og Stefanía Karlsdóttir (3.). Engar breytingar urðu á nefndaskipan en Sólrún Hauksdóttir og Ragnar Antonsson voru kosin skoðunarmenn.

Fundargerð aðalfundarins er að finna á heimasíðu félagsins, www.jokla.org.

Laxveiðin og seiðasleppingar 2006-2020

Ár	Laxveiði Jökla	Laxveiði Laxá	Laxveiði Kaldá	Laxveiði Fögrh.á	Laxveiði Alls	Fjöldi gönguseiða	Sumaralin smáseiði	1 árs smáseiði
2006					0	4.000		
2007	12	15	75	20	122	40.000		
2008	56	48	59	22	185	41.000	7.000	
2009	35	128	93	63	319	42.700	42.000	
2010	96	91	118	44	349	67.000	25.550	35.000
2011	293	83	131	58	565	55.800	27.050	6.600
2012	177	40	121	49	387	66.100		22.500
2013	282	48	55	26	411	68.000		38.000
2014	186	36	50	34	306	69.500	44.000	21.000
2015	605	61	65	85	816	26.000	23.500	41.600
2016	372	30	82	100	584	33.650		49.000
2017	250	29	37	34	350	28.200	52.400	61.050
2018	410	73	31	14	528	23.000		105.600
2019	311	54	16	13	394	27.000		93.000
2020	824	23	13	10	870	24.000		51.200
Alls	3909	759	946	572	6186	615.950	221.500	524.550

Styrkveitingar

Veiðifélag Jökulsár á Dal fær 500.000 kr. styrk úr Fiskræktarsjóði í ár til að bæta aðgengi að veiðistöðum. Hámarksupphæð sem hægt er að sækja um er 200.000 kr. Þeir sem hyggja á framkvæmdir eru beðnir um að fylla út þar að lútandi eyðublað sem er á www.jokla.org og senda til Höllu gjaldkera (hallahakonar@gmail.com). Umsóknarfrestur er til 10. júlí. Stjórn mun í kjölfarið taka umsóknir fyrir og setja sig í samband við umsækjendur þannig að hægt verði að ráðast í þær framkvæmdir sem samþykktar verða.

Eftirfarandi verklagsreglur gilda um styrkina:

- Hverjir geta sótt um styrk?** Veiðiréttarhafar við Jökulsá á Dal geta sótt um styrki til félagsins til að bæta aðgengi að veiðistöðum fyrir sínu landi.
- Hvað er styrkt?** Styrkir eru veittir til slóða- og stígagerðar auk merkinga. Mótframlag skal vera a.m.k. 50% af kostnaði og getur m.a. verið í formi vinnu manna og véla. Hafa skal samráð við stjórn félagsins og leigutaka um framkvæmdir.
- Hvernig er sótt um?** Sótt er um styrk á eyðublaði sem hægt er að sækja á jokla.org. Á því er framkvæmd lýst og sett fram kostnaðaráætlun. Umsókn þarf að berast stjórn áður en ráðist er í framkvæmdir því

að komið getur til forgangsroðunar vegna takmarkaðs fjármagns.

- Hversu háir eru styrkir?** Fjárhæð styrkja getur verið breytileg milli ára og ákveður stjórn hámarksupphæð að vori og setur tímafrest fyrir umsóknir.
- Hvernig er greitt?** Greitt er eftir að framkvæmd er lokið. Skila þarf inn afritum af tímaskýrslum og reikningum sem sýna útlagðan kostnað og mótframlög ásamt stuttri skýrslu. Nálgast má eyðublað til skýrslugerðar á heimasíðu félagsins.

Hækkun leigu og arðs

Samningsviðaukinn, sem samþykktur var á aðalfundi, felur í sér lengingu leigutíma um fimm ár sem var forsenda þess að leigutaki færi í frekari framkvæmdir við veiðihúsið í Hálsakoti til að auka gistirými og bæta alla aðstöðu veiðimanna. Ástæðan er ekki síst sú að sumarið 2020 sýndi sig hversu gjöfufull áin getur verið. Markmiðið er að Jökla verði eitt tólf stanga veiðisvæði frá og með sumri 2022 sem á að auka veiðinýtingu. Viðaukinn kveður á um að grunngjald leigu hækki um 100% árið 2022 til viðbótar við samningsbundnar árlegar hækkunir. Nýtt samkomulag um leigugjald verður samt gert árið 2026. Það er því ljóst að veiðiréttarhafar eiga von á hækkanði arðgreiðslum á næstu árum.



Ódýr veiðileyfi fyrir veiðiréttarhafa

Í leigusamningi veiðifélagsins við Strengi er ákvæði um það að veiðiréttarhafar skuli eiga þess kost að kaupa veiðileyfi á verði sem nemur að hámarki 10% af markaðsverði. Leigutaka er heimilt að setja þá takmörkun á þessi leyfi að þau séu ekki seld með meira en 3ja daga fyrirvara og fjöldi stangardaga fyrir veiðiréttarhafa sem fara með eitt atkvæði sé ekki meira en 4 stangardagar. Stjórn félagsins hvetur menn til að nýta sér þetta, ekki síst til að kveikja áhuga yngri kynslóða á stangveiði. Áhugasamir snúa sér til Guðmundar veiðivarðar (s. 895-1677).

Stjórn og nefndir Veidifélags Jöklu

Stjórn:

Þorvaldur P. Hjarðar, Hjarðarhaga
formaður. hjardar@simnet.is
s. 866-3237

Skúli Björn Gunnarsson, Litla-
Bakka, ritari. skulibg@simnet.is
s. 860-2985

Halla Eiríksdóttir, Hákonarst. 3,
gjaldkeri. hallahakonar@gmail.com
s. 865-0026

Lárus Brynjar Dvalinsson,
Vörðubrún. lallid@live.com
s. 860-2162

Gestur Hallgrímsson, Blöndubakka
blondub@simnet.is
s. 895-8929

Varamenn:

Agnar Benediktsson, Hvanná II
Þorsteinn P. Gústafss., Geirast. 2
Stefanía Karlsdóttir, Grund

Skoðunarmenn:

Sólrún Hauksdóttir
Ragnar Antonsson
Benedikt Arnórsson, til vara

Kjörbréfanefnd:

Benedikt Ólason, Gauksstöðum
Hallgrímur Þórhallsson, Skriðukl.
Þorsteinn P. Gústafss., Geirast. 2
Varamenn:

Benedikt Arnórsson, Hofteigi
Bragi St. Björgvinsson, Eiríksst.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður
fréttabréfs og vefs: Skúli Björn.

MUNUM að rúllubaggaplast
er bæði skaðlegt náttúrunni
og ímynd veiðiár. **RÆKTUM**
ána okkar líka með góðri
umgengni og hirðusemi!

Fréttir úr starfi félagsins

Tiltekt og grillsamvera laugardaginn 26. júní

Stjórn veiðifélagsins hefur í samráði við leigutaka ákveðið að hafa tiltekt og grillsamveru laugardaginn 26. júní. Veiðiréttarhafar eru hvattir til að nýta daginn til þess að huga að aðgengi veiðimanna á jörðum sínum og hreinsa rusl við ána enda hefst veiði daginn eftir.

Kl. 13. Þeir sem hafa tök á mæta við Brúarás þar sem skipt verður liði til að fara að sem flestum veiðistöðum og athuga með merkingar og veiðistíga. Æskilegt að hafa meðferðis verkfæri til að laga stíga og gott að hafa kerrur fyrir rusl.

Kl. 16-18. Síðdegisgrill við veiðihúsið í Hálsakoti.

Kastnámskeið og veiðileiðsögn

Eitt af því sem færir fjölskyldum við veiðiár tekjur er veiðileiðsögn sem er vel borguð sumarvinna. Stjórn félagsins vill stuðla að því að íbúar á bökkum Jöklu fái tækifæri til að öðlast þá þekkingu og reynslu sem til þarf. Byrjendanámskeið í að kasta flugu var haldið í Brúarási í júní 2019 og var þátttaka góð. Ef áhugi er fyrir hendi mun stjórn standa fyrir framhaldsnámskeiði í sumar þar sem menn geta spreytt sig á árbakkanum undir leiðsögn. Þeir sem hafa áhuga skrá sig hjá Skúla Birni, netfang skulibg@simnet.is eða sími 860-2985. Þá er þeim sem hafa áhuga á veiðileiðsögn bent á að tala við Guðmund veiðivörð til að fá að fylgjast með vönum leiðsögumönnum að störfum í sumar.

Vöntun á upplýsingum vegna arðgreiðslna

Uppsafnaður arður er geymdur á safnreikningi veiðifélagsins þar til rétthafi geri grein fyrir sér og skilar inn veiðigandi gögnum. Það skal áréttað að þar sem jarðir eru skráðar í eigu tveggja eða fleiri einstaklinga þarf að liggja fyrir skjal um hvernig arðgreiðslum skuli háttað og það undirritað af öllum landeigendum. Þetta á líka við um hjón og sambýlisfólk því að félagið þarf að standa skil á upplýsingum um arðgreiðslur til skattyfirvalda. Hægt er að sækja veiðigandi eyðublað á heimasíðu félagsins.

Heimasíðan www.jokla.org

Vefslóð veiðifélagsins www.jokla.org. Þar eru gögn aðgengileg og miðlað upplýsingum um starfsemi félagsins, rannsóknir og veiði.